

EFTIRLITSSKÝRSLA

SORPA Álfsnesi Reykjavík



Dags eftirlits	27.2.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	SORPA Álfsnesi	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Álfsnes	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5105881189	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Þorleifur Þorbjörnsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Arnór Gunnarsson	Staðsetning	366624,722 412355,277

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávík komu fram í eftirliti og varða þau aukningu á mældum styrk á ammóníum úr grunnvatnsmælingum árin 2022 og 2020 og urðun umfram heimild í starfsleyfi árið 2022 og 2023. Tvær athugasemdir er lagðar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið fyrra eftirlit á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfi rekstraraðila er fjölþætt, sinna þeir móttöku og meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. urðun og rekstri hreinsistöðvar fyrir hauggas. Sjá nánari skilgreiningu á umfangi starfseminnar í starfsleyfi. Urðunarheimild í starfsleyfi rann út í lok ársins 2023. Rekstraraðili starfar eftir bráðabirgðaheimild frá Umhverfisstofnun sem gefin var út þann 21. desember sl. fyrir urðunarhluta starfseminnar. Undanþágan gildir þar til starfsleyfinu hefur verið breytt en þó eigi lengur en til 21.12.2024.

Dagská eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Vatnamál
- Mengaður jarðvegur
- Önnur atriði
- Skoðunarferð

Umsóknarferli nýs starfsleyfis bíður eftir uppfærðu áhrifamati frá rekstraraðila til að hægt sé að leggja mat á það hvort að starfsemi urðunarstaðarins hafi áhrif á nærliggjandi vatnshlot. Er þetta liður í umsóknarferli vegna nýs starfsleyfis. Áður hafði rekstraraðili lagt fram minnisblað um áhrifamat vegna áhrifa á nærliggjandi vatnshlot urðunarstaðarins sem Umhverfisstofnun gerði athugasemdir á og óskaði stofnunin eftir uppfærðu áhættumati þar sem upplýsingar sem komu fram í því fyrra væru ekki nógu áreiðanlegar til að leggja mat á hvort starfsemi urðunarstaðarins hefði sannanlega engin áhrif á umhverfismarkmið nærliggjandi yfirborðs- eða grunnvatnshlots. Beindust athugasemdirnar þá helst að ósamfelli í túlkunum og framsetningu niðurstaðna á mælingum sem gerðar hafa verið, og mælingum á þáttum sem ekki teljast samanburðarhæfir, til að þær yrðu gagnlegar til greiningar á áhrifum á ástandi vatns, til samræmingar við viðmiðunargildi og við hvernig þær koma fram í viðeigandi reglugerðum, þ.e. nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreininga og vöktun.

Sammælst var um að fara þurfti í bakgrunnsskoðun á ástandi grunnvatnsins og þá fyrst og fremst að gera nánari mælingar á stöðu þess og kortlagningu svo hægt sé að leggja betra mat á hve raunveruleg áhrif starfseminnar er á vatnshlot svæðisins ásamt því að uppfæra grunnvatnslíkan samfara áhrifamatinu. Vinnur rekstraraðili með verkfræðistofunni Vatnaskilum að uppfærðu mati með hliðsjón af því sem kom fram í athugasemdum Umhverfisstofnunar sem

og því sem kom fram í eftirliti.

Í niðurstöðum frá mælingum ársins 2020 og 2022 úr borholunni ÁN-12 kemur fram að styrkur á ammoníum mælist yfir viðmiðunargildi þess, sem eru 0,5 (mg/l N).

Árið 2022 mælist styrkur efnisins ammoníum NH_4N = 0,58 (0,74 NH_4N) og árið 2020 = 0,71. Viðmiðunargildin eru að finna undir viðauka II í vöktunaráætlun vatnaáætlunar 2022-2027.

Í eftirliti síðasta árs, ársins 2023 komu fram fimm frávik við eftirlit og var lögð fram ein ábending. Frávikin vörðuð m.a. að ekki var fullnægjandi skráningum skilað í ársyfirliti sem ber að skila árlega fyrir 1. maí ár hvert, frávik vegna urðunar á spilliefnum, þ.e. úrgang úr olíuskiljum, frávik vegna þess að ekki hafi borist greinagerð um stöðu botns urðunarstaðar m.t.t. grunnvatnsstöðu, að viðbættu frávikum vegna þess að grænu bókhaldi var skilað eftir skilafrest.

Þann 9. nóvember 2023 barst úrbótaáætlun frá rekstraraðila sem var samþykkt af Umhverfisstofnun. Fólust úrbætur m.a. í að verklagi við móttöku úrgangs verði breytt og hugað betur að því að kanna eðli og uppruna úrgangsins. Verklag verður uppfært vegna skila á greinagerð um rekstur urðunarstaðarins (ársskýrslu) sem verður unnin samhliða grænu bókhaldi fyrirtækisins og skilað á réttum tíma, verður því fylgt eftir í síðara eftirliti Umhverfisstofnunar.

Í nóvember 2023 barst Umhverfisstofnun uppfærð rekstrarskýrsla, með greinagerð um rekstur urðunarstaðarins á Álfsnesi fyrir árið 2022. Árið 2022 var heimild til urðunar samkvæmt starfsleyfi 38.000 tonn, og sama heimild í gildi fyrir árið 2023. Árið 2022 var urðað í Álfsnesi 67.473 tonn af úrgangi og því urðað umfram þá heimild sem gildir í starfsleyfi. Í landmótun eru skráð 72.748 tonn. Hins vegar eru skráð í gagnagátt Umhverfisstofnunar 72.529 tonn í urðun fyrir árið 2022. Við eftirlit nú kom fram að urðuð voru 53.847 tonn árið 2023, sem er umfram heimild í starfsleyfi. Umhverfisstofnun vinnur að gerð leiðbeininga varðandi endurnýtingu jarðvegs, þar eru m.a. að finna nánari skilgreiningar á fyllingu, landmótun ásamt öðru sem snertir starfsemi rekstraraðila. Verður það kynnt sérstaklega í næsta eftirliti þegar fullunnar leiðbeiningar liggja fyrir, sem og mun upplýsingapóstur berast til rekstraraðila þegar þær eru gefnar út. Í eftirliti fékk rekstraraðili kynningu á þeim helstu atriðum sem stiklað er á í leiðbeiningunum. Hefur rekstraraðili sótt um heimild til tilraunar til endurnýtingar á olíumenguðum jarðvegi í samræmi við ákvæði í starfsleyfi. Enn er enginn farvegur fyrir þennan úrgang í landinu og því brýnt að finna viðurkenndar og vandaðar lausnir fyrir hann. Umhverfisstofnun er með erindi rekstraraðila til skoðunar. Verður afgreiðslu á þeirri heimild svarað í bréfi þegar þeirri skoðun líkur.

Í greinagerð um rekstur urðunarstaðarins á Álfsnesi 2022 sem barst í nóvember sl. kemur fram vegna mælinga á sigvatni að talsverð aukning sé í leiðni ásamt því hefur orðið aukning á styrk í sinki og kvikasilfri. Að auki má benda á að nítrat (N) mælist einnig markvist hærra borið saman við fyrri ár. Leiðni mælist um 9040 mS/m (882 mS/m árið 2021), sink (Zn) mælist 1,5 mg/l (0,16 mg/l árið 2021) og kvikasilfur (Hg) mælist 0,0031 mg/l (<0,0005 mg/l árið 2021). Mikill munur er á rennismælingum milli árána í l/s. Markverð aukning verður einnig á milli þessa ára í uppleystu lífrænu kolefni sem mælist 1400 mg/l árið 2022, miðað við 580 mg/l árið 2021. Leggja þarf mat á það í næstu sigvatnsmælingum hvort þessi breytileiki í mældum styrk sé viðvarandi eða tilfallandi. Ekki er að sjá marktæka breytingu á styrki á ammóníum út frá sigvatnsmælingum milli árána 2022 og 2021, né þegar litið er aftur til ársins 2013.

Farið var í skoðunarferð um urðunarstaðinn, hefur orðið mikil breyting á umfangi úrgangs sem urðaður er, og sjáanlegt að mun minna er að fara inn á urðunarstaðinn en hefur verið. Engar athugasemdir eru lagðar fram eftir skoðun á urðunarstað.

grein 1.2 í starfsleyfi

Árið 2022 var urðað umfram heimild í starfsleyfi. Heimild í gildi það ár voru 38.000 tonn til urðunar. Samkvæmt greinagerð rekstraraðila voru urðuð í Álfsnesi 67.473 tonn árið 2022.

grein 1.2 í starfsleyfi

Árið 2023 var urðað umfram heimild í starfsleyfi. Heimild í gildi árið 2023 var 38.000 tonn til urðunar. Við eftirlit nú komu fram upplýsingar frá rekstraraðila að magn sem urðað var árið 2023, voru 53.847 tonn.

grein 5.3 í starfsleyfi og viðauka II í vöktunaráætlun vatnaáætlunar 2022-2027.

Í niðurstöðum frá mælingum ársins 2022 í borholu ÁN-12 kemur fram að styrkur á ammóníum mældist yfir viðmiðunargildi þess. Viðmiðunargildið er 0,5 mg/L N.

Árið 2022 mælist styrkur efnisins ammóníum NH_4^+N = 0,58 mg/l (0,74 mg/l NH_4^+).

grein 5.3 í starfsleyfi

Í niðurstöðum frá mælingum ársins 2020 í borholu ÁN-12 kemur fram að styrkur á ammóníum mældist yfir viðmiðunargildi þess. Viðmiðunargildið er 0,5 mg/L N.

Árið 2020 mælist styrkur efnisins ammóníum NH_4^+N = 0,71 mg/l

ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun bendir á að gefnu tilefni vegna fréttaumfjöllunar um eld í Álfsnesi þann 31. mars síðastliðinn að rekstraraðili má tilkynna mengunaróhöpp vegna mengunar, þ.m.t. vegna elda til eftirlitsaðila.

Gæta þarf að samræmist við skráningar á úrgangi í gagnagátt og því sem kemur fram í ársskýrslu rekstraraðila. Í ársskýrslu má vísa til gagnagáttar Umhverfisstofnunar en skýr sundurliðun á úrgangsflokkum þarf að vera aðgengileg, sem og greint frá ráðstöfun til urðunar annars vegar og fyllingar hins vegar.

ANNAÐ

Viðstödd eftirlit voru Þorleifur Þorbjörnsson, Arnór Gunnarsson, Gyða Sigríður Björnsdóttir og Sveinn Óli Pálmarsson framkvæmdarstjóri hjá verkfræðistofu Vatnaskila. Frá Umhverfisstofnun Halla Einarsdóttir og Halla Margrét Viðarsdóttir.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir
Halla Margrét Viðarsdóttir

